

**3196. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
24. nóvember 2016 og hófst hann kl. 08:15**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolffsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**  
36. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 15. nóvember 2016.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
2. **1611135 - Viðburðir á vegum menningar- og safnanefndar**  
Menningar- og safnanefnd óskar eftir viðbótarfjárframlagi vegna viðburða á aðventunni á Akranesi.  
*Bæjarráð samþykkir framkomna beiðni frá menningar- og safnanefnd með það að markmiði að styðja við fjölbreytta viðburði á aðventunni á Akranesi.*
3. **1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra**  
Drög að erindisbréfi starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra lagt fram.  
*Bæjarráð samþykkir erindisbréfið og að skipa Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur formann velferðar- og mannréttindaráð og Svölu Hreinsdóttur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs í starfshóp um samráð og stefnumótun í málefnum aldraðra. Laufey Jónsdóttir verkefnistjóri heimaþjónustu verður ráðgefandi við starfshópinn. Fulltrúar FEBAN eru þeir Jóhannes Finnur Halldórsson formaður og Júlíus Már Þórarinsson varaformaður.*
4. **1410165 - Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**  
Bæjarráð vísaði, á fundi sínum 18. október 2016, skýrslu starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 til umsagnar í velferðar- og mannréttindaráði og skipulags- og umhverfisráði.  
*Umsagnir skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs vegna skýrslu um Dalbraut 6 lagðar fram. Bæjarráð vísar í starfshóp um samráð og stefnumótun í málefnum aldraðra sem vinnur áfram með það verkefni að bæta félagsaðstöðu fyrir eldri borgara og ýmis önnur mál sem tengist velferð þriðju kynslóðarinnar.*

RA  
RA

- 5. 1611112 - Framboð á lóðum vegna uppbyggingar almennra íbúða**  
Erindi frá velferðarráðuneytinu um framboð lóða vegna uppbyggingar almennra íbúða.  
*Erindið kynnt og vísað til skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.*
- 6. 1609147 - Fasteignamat atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta**  
Erindi Félags atvinnurekanda þar sem farið er fram á rökstuðning vegna álagningar fasteignaskatts fyrir árið 2016.  
*Bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga og svara erindinu.*
- 7. 1611099 - FVA - styrkur til tækjakaupa 2017**  
Ósk Fjölbrautaskóla Vesturlands um framlag til tækjakaupa fyrir skólann.  
*Bæjarráð Akraness tekur undir mikilvægi þess að efla iðn og tæknimenntun á Íslandi og telur brýnt að Fjölbrautarskóli Vesturlands fái nægt fjármagn á fjárlögum til að endurnýja nauðsynlegan tækjabúnað. Löngreinar eru mikilvæg stoð í atvinnulífinu á Vesturlandi og nauðsynlegt að búa starfsfólki og nemendum góða aðstöðu og nauðsynleg tæki.*  
*Bæjarráð samþykkir að veita 1 mkr. til tækjabúnaðar fyrir árið 2017 en felur auk þess bæjarstjóra að senda menntamálaráðherra erindi þar sem farið er fram á að fjárveitingar til þessa mikilvæga þáttar í starfsemi skólans séu tryggðar.*
- 8. 1611083 - Bandalag íslenskra skáta - styrkbeiðni v. 15th World Scout Moot**  
Erindi Jóns Ingvars Bragasonar framkvæmdastjóra vegna 15. heimsmóts skáta sem haldið verður á Íslandi árið 2017.  
*Bæjarráð tekur jákvætt í erindi Bandalags íslenskra skáta og felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið með viðræðum við forsvarsmenn hreyfingarinnar.*
- 9. 1611124 - Asparskógar 8 - umsókn um byggingarlóð**  
Umsókn Hagaflöt ehf. um byggingarlóð að Asparskógum 8.  
*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar að Asparskógum 8 til Hagaflatar ehf.*
- 10. 1611125 - Asparskógar 10 - umsókn um byggingarlóð**  
Umsókn Hagaflöt ehf. um byggingarlóð að Asparskógum 10.  
*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar að Asparskógum 8 til Hagaflatar ehf.*
- 11. 1611092 - Kvænnaathvarfið - umsókn um rekstrarstyrk**  
Umsókn kvænnaathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2017.  
*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar 2017.*

RAI  
A

**12. 1512040 - Saga Akraness**

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til þess að selja ritröðina Sögu Akraness á menningarstofnunum bæjarins.

*Bæjarráð samþykkir að heimila sölu á Sögu Akraness á Bóka- og Byggðasafni. Lagt er til að samanlagt verði á tveimur bókum verði 5 þúsund krónur.*

**13. 1611034 - Sundfélag Akraness - styrkumsókn vegna tækjakaupa**

Erindi sundfélags Akraness um tækjakaup sem tekið var fyrir á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs.

Ráðið tók jákvætt í erindið en vísar því til afgreiðslu bæjarráðs. Lagt er til að styrkja íþróttamiðstöðina að Jaðarsbökkum til endurnýjunar á „pöðsum“ í sundlaugina til þess að mæla tíma keppenda.

*Bæjarráð samþykkir að heimila íþróttamiðstöðinni að festa kaup á tveimur „pöðsum“ til afnota fyrir Sundfélag Akraness.*

**14. 1603152 - Vinabæjarmót á Akranesi 2017**

Vinabæjarmót á Akranesi árið 2017.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja Norræna félagið á Akranesi um 2 mkr. vegna kostnaðar við vinabæjarmót sumarið 2017. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra að undirbúa stofnun starfshóps vegna mótsins í samvinnu við Norræna félagið. Fulltrúar Akraneskaupstaðar verði Ingibjörg Pálmadóttir bæjarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædis Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.*

**15. 1511182 - Höfði - fjárhagsáætlun 2016**

Viðauki I við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2016 var samþykktur á stjórnarfundi þann 21. nóvember síðastliðinn.

*Bæjarráð staðfestir viðaukann og leggur fram í bæjarstjórn til samþykktar.*

**16. 1611006 - Höfði - fjárhagsáætlun 2017 - 2020**

Fjárhagsáætlanir Höfða hjúkrunar- og dvalarheimils fyrir árið 2017 og 2018-2020 sem samþykktar voru á fundi stjórnar 21. nóvember 2016.

Fjárhagsáætlanir afhendast til umfjöllunar og afgreiðslu eins og kveðið er á um í skipulagsskrá Höfða.

*Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlanir Höfða fyrir árið 2017 og 2018-2020 og vísar málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.*

RA  
GA

**17. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017**

Erindi skipulags- og umhverfisráðs þar sem lagt er til við bæjarráð að forgangsriðun ráðsins í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árin 2017-2020 verði samþykkt.

Ráðið vekur athygli bæjarráðs á eftirfarandi:

A. Ekki er tekin afstaða til staðsetningar á fimleikahúsi. Brýn nauðsyn er á að taka þá ákvörðun sem fyrst á víðtækum samráðsvettvangi.

B. Gera þarf framkvæmdasamning við Golfklúbbinn Leyni á grundvelli þeirra hugmynda sem fyrir liggja um uppbyggingu golfskála.

C. Fyrir liggur tölvupóstur dags. 17. nóv. s.l. frá Jóhannesi Finni Halldórssyni fh. FEBAN. Á árinu 2017 eru áætlaðar 20 m.kr. í undirbúning á uppbyggingu á Dalbrautarreit.

*Afgreiðslu frestað til næsta fund ráðsins þann 2. desember næstkomandi.*

**18. 1611110 - Fyrirspurn til sýslumanns um þinglýsingar**

Erindi Akraneskaupstaðar til Sýslumannsins á Vesturlandi um rafrænar þinglýsingar.

*Bæjarráð tekur undir með bæjarstjóra varðandi mikilvægi þess að Sýslumaðurinn á Vesturlandi sækist eftir að annast rafrænar þinglýsingar sbr. frumvarp um breytingar á þinglýsingarlögum nr. 39/1978 með síðari breytingum.*

**19. 1611140 - Gagnaveita Reykjavíkur - ósk um undanþágu frá upplýsingalögum**

Erindi Orkuveitu Reykjavíkur þar sem óskað er eftir samþykki eigenda á að leggja til við forsætisráðherra að endurnýja undanþágu Gagnaveitu Reykjavíkur frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

*Bæjarráð samþykkir erindið og felur bæjarstjóra að afla upplýsinga um framtíðaráform um sölu Gagnaveitunnar.*

**20. 1611053 - Kennarar - krafa til sveitarfélaga**

Ályktun grunnskólakennara á Akranesi frá fundi þeirra þann 22. nóvember 2016.

*Lögð fram ályktun grunnskólakennara í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla á Akranesi frá 22. nóvember 2016 ásamt yfirlýsingu Sambands Íslenskra sveitarfélaga.*

*Bæjarráð tekur undir mikilvægi þess að samningar takist á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags Íslenskra grunnskólakennara.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.**

*Tringbjörg Váldmásson  
Móey P. Guðjónsdóttir  
Jónas Karl Guðjónsson*

*Valdís Steingrimsdóttir  
Reinna Ásmundsdóttir  
Sigrún Alexia Sigmund.*